

Alþingi
Erindi nr. P 140/2336
komudagur 7.S. 2012

varðandi reykjannesskagann - rammaáætlun

Andri Magnason [andrimagnason@gmail.com]

Sent: 7. maí 2012 15:03

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Andri Snær Magnason kt. 140773- 5229

Góðan dag

Ég sendi þetta bréf þar sem ég tel að íhugi beri áform um nýtingu háhita á Suðvesturhluta landsins. Á undanförunum árum hefur stóraukin nýting jarðvarma og meðferð á háhitasvæði vakið marga til umhugsunar. Svo virðist sem hinn mikli skali, virkjunarhraði og kröfur orkufyrirtækja um frágang eða umfang borana fari ekki saman við það sem hóflegir borgarar álíta eðlilegt. Fólk sem er almennt íhaldssamt telur Hellisheiðina ekki gott dæmi um skynsamlega nýtingu og má telja að viðamikil umræða, rannsóknir og framfarir innan fyrirtækjanna þarf að eiga sér stað áður en þeim er hleypt á ný svæði. Kröfur um að fjarlægja ummerki að loknum borunum virðast til dæmis ekki fyrir hendi. Víða á Reykjanesi má sjá allt að 6000 m² borplön - eins og stærstu bílastæði - eyðileggja annars falleg og viðkvæm svæði. Áform um að bora um 100 - 200 holur á Reykjanesi á næstu árum mun hafa slæm áhrif á loftgæði, auka brennisteinsmengun, rýra útivistarmöguleika og þar af leiðandi heilsu höfuðborgarbúa. Hér tek ég ekki hagsmuna ferðaiðnaðar inn í spilið - enda á hann að lúta sömu lögmálum og annar iðnaður - að þjóna hagsmunum landsmanna.

Því bið ég menn að íhuga að setja viðkvæm svæði eins og Eldvörp, Sveifluháls og Krýsuvík í biðflokk að minnsta kosti. Annars er líklegt að orðstír jarðvarmans á Íslandi skaðist varanlega þegar hann er ekki lengur í sátt eða í samhengi við hugmyndir þjóðarinnar um hvað telst ásættanlegt. Framfarir þurfa að eiga sér stað innan fyrirtækjanna, í meðferð skilvatns, í skilningi á eðli orkukerfanna - áður en haldið er á ný svæði.

Með góðum kveðjum

Andri Snær Magnason